



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

16. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 25. mars 2024 kl. 08:30.

#### Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

#### Aðrir fundarmenn:

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

### 1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2024

Ragnar kynnti stöðuna á þeim fjárfestingum sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2024. *Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að halda aukafundi eftir þörfum um byggingu á nýju áhaldahúsi fyrir sveitarfélagið. Jafnframt skal stefnt að því að fara í skoðunarferð í önnur áhaldahús á svæðinu sem hluta af vinnu við þarfagreiningu á nýju áhaldahúsi.*

*Varðandi vatnsveitu frá Stærri-Bæ felur framkvæmda og veitunefnd Ragnari og Iðu að ræða við landeigendur um vatnstöku.*

### 2. Heitavatnsöflun í Vaðnesi

#### a. Minnisblað um stöðu borana 18.3

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 18.03.2024 um stöðu borana eftir heitu vatni í Vaðnesi.

*Minnisblaðið lagt fram til kynningar.*

#### b. Borskýrsla

Fyrir liggur borskýrsla vegna borana eftir heitu vatni í Vaðnesi.

*Borskýrslan lögð fram til kynningar.*



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 3. Gjaldskrárbreytingar

Fyrir liggur tillaga um gjaldskrárbreytingar hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.

*Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir gjaldskrárnar samhljóða. Rætt var um stofngjald í fráveitu og hvort edlilegra sé að fá inn stærri hluta fjárfestingar við hreinsistöð í upphafi í gegnum stofngjöld fremur en á lengri tíma í gegnum árlegt fráveitugjald. Ragnari falið að skoða kosti þess og galla og koma með tillögu að breytingu ef þess þarf við afgreiðslu á gjaldskránni í sveitarstjórn.*

### 4. Viðbygging við ípróttamiðstöð - verkfundargerð

Fyrir liggur verkfundargerð dags. 7. mars 2024 af verkfundi nr. 1 vegna jarðvinnu við viðbyggingu ípróttamiðstöðvar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

### 5. Jarðhitaframtal OS

Lögð fram gögn sem send verða inn til Orkustofnunar vegna skila á jarðhitaframtali.

*Lagt fram til kynningar.*

### 6. Sláttur á opnum svæðum

Fyrir liggur samantekt á þeim opnu svæðum í þéttbýlinu á Borg sem þarf að slá, hirða og bera á.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að verkið verði boðið út til þriggja ára með möguleika á framlengingu.*

### 7. Kaldárhöfði

#### a. Umsagnir um rannsóknarleyfi

Fyrir liggja umsagnir Umhverfisstofnunar, FSRE og Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða.

*Umsagnirnar lagðar fram til kynningar. Ragnari Guðmundssyni falið að hafa samband við Umhverfisstofnun til að fá upplýsingar um þá aðila sem hafa þekkingu til að gera mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau.*

#### b. Erindi til Landsvirkjunar

Fyrir liggur drög að erindi til Landsvirkjunar sem fyrirhugað er að senda í nafni Grímsnes- og Grafningshrepps, Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um fyrirhugaða sameiginlega vatnsöflun úr landi Kaldárhöfða. Í erindinu er kannaður vilji Landsvirkjunar til að koma að verkefninu.

*Lagt fram til kynningar.*



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 8. Skólalóð – Tillögur frá Landhönnun

Lögð er fram tillaga frá Landhönnun að hönnun skólalóðar.

*Framkvæmda- og veitunefnd lýst vel á tillögurnar en telur æskilegt að hönnuður verði boðaður á fund skólanefndar til að fara yfir hönnunina og svara spurningum ásamt því að taka við ábendingum ef nefndin telur að eitthvað megi betur fara í hönnuninni.*

### 9. Vesturbyggð 1. áfangi – Fundargerð 3. verkfundar

Fyrir liggur fundargerð dags. 12.03.2024 af 3. verkfundi vegna verksins „Vesturbyggð 1. áfangi“.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:50